120 framarlega, sem nokkuð af saltinu hefur verið flutt í land, er skipið kom til
20. okt Olafsvíkur í apríl síðastliðnum, en að öðrum kosti eigi það að vera laust við slíkt gjald.

121 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu* **um niðurjöfnun gjalds til amtssjóða og sýslusjóða.** Í brjefi,
22. okt. dagsettu 19 ágúst þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, látið uppi álit yðar um fyrirspurn frá hreppsnefndinni í Aðaldælahreppi um það, hvernig jafna skuli á hreppsbúa gjaldi hreppsins til sýslusjóðs og amtsjafnaðarsjóðs. Hafið þjer tekið það fram, að í sveitarstjórnartilskipuninni 4 maí 1872, 40. gr., sje svo kveðið á um, að því, sem hverjum hreppi beri að gjalda til sýslusjóðsins, skuli jafna niður á hreppsbúa eptir hinum sömu reglum, sem gilda um önnur útgjöld hreppsins, en samkvæmt 19. gr. sömu tilskipunar og lögum 9. jan. 1880, 1. gr., eigi að jafna gjöldum hreppsins niður á alla þá, sem eiga lögheimili í hreppnum, (»eptir efnum og ástandi«). — Á þessu teljið þjer lögin frá 4 júní 1898, um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða, eigi hafa gjört neina breyting, og þar sem í síðastnefndum lögum sje talað um, að gjöldunum skuli skipt á hreppsfjelögin eptir samanlagðri tölu lausafjár- og fasteignarhundraða að tveim þriðjungum og eptir tölu verkfærra manna að einum þriðjungi, þá hafi það engin áhrif á niðurjöfnun gjaldanna á menn í hreppnum. Fyrir því teljið þjer engan efa á því, að gjöldum til amtssjóða og sýslusjóða beri að jafna niður á menn í hreppnum, eins og gjöldum til hreppsins, eptir efnum og ástæðum.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg er með öllu samdóma áliti yðar um þetta atriði.

122 # Reikningur

yfir tekjur og gjöld Thorkelliibarnaskólasjóðs 1899.

Tekjur:

1.	Eptirstöðvar við árslok 1898:				
	a. Innstæðuskírteini, Litr. A. Fol. 87 . . .	kr.	28500 00		
	b. Skuldabjref	—	39454 74		
	c. Í landsbankanum	—	601 44		
	d. Í peningum	—	40 58	kr.	68596 76
2.	Vextir:				
	a. Af innritunarskírteini Litr. A. Fol. 87, frá $^{11}/_{12}$ '98 til $^{11}/_{12}$ '99	kr.	997 50		
	Flyt:	kr.	997 50	kr.	68596 76